



2. fundur mannvirkjanefndar LH 2024-2026

27. október 2025 kl. 20:00

Fjarfundur

Mætt úr nefnd: Hilmar Guðmannsson formaður varastj LH, Reynir Atli Jónsson varastj LH, Jón Þorberg Steindórsson varastj LH, Sigurður Tyrfingsson
Fundargerð ritar: Hilmar Guðmannsson

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Landsmót Hólum

Hilmar fór yfir ferð að Hólum í Hjaltadal á fund framkvæmdanefndar Landsmóts. Ferðin gekk vel. Framkvæmdir í Skagafirði ganga vel, fólk ánægt með framvindu og andann í samfélaginu.

Fjármögnun gengur vel sem og markaðsetning.

Vellir og aðbúnaður er komin vel á veg miðað við tímalínu og ekkert sem bendir til annars en að mótið verði hið besta.

Sigurður vakti athygli á að passa sérstaklega salernisaðstöðu á landsmóti. Á LM24 í Fáki hafið verið gerð bragabót eftir athugasemdir. Reglugerð um fjöldasamkomur segir til um salerniaðstöðu per áætlaðan fjölda gesta. Passa að framkvæmdanefnd fylgi þeim reglum.

2. Þjóðarhöll.

Almennar umræður um þjóðarhöll og hvernig hægt er að koma íslenska hestinum inn í þá höll. Sigurður hafði hitt Willum Þór fyrr á árinu og á gott spjall. Margt jákvætt heyrst um veru íslenska hestsins í þeirri höll en verður gaman að sjá þegar á reynir. Þegar hún er kominn. Ekkert stress Hilmar benti á fund sem haldin var í Fáki árið 2022 um nýja fákshöll sem var sett fram sem fjölnota samkomuhús með aðaláherslur á hestamennsku. Innanhúsvöllur í fullri stærð ásamt aðstöðu til viðburðahalds. Þannig höll myndi henta íslenska hestinum mun betur. Ekkert kom út úr þeim kynningarfundum og hefur umræðan legið í dvala síðan. Jón Þorberg benti á hvort ekki þyrfti að taka þetta upp í samningaviðræðum Fáks og Reykjavíkurborgar um framtíð Víðidalsins. Gott að halda umræðunni á lofti og vera vakandi þegar þjóðarhöllin fer af stað

3. Þjóðleiðir

Hver er að vaka yfir hagsmunum hins almenna félagsmanns og ekki síst útreiðamanns þegar kemur að gömlum þjóðleiðum sem og deiluskipulagi hverfa bæja og borga í kringum hesthúsahverfi. Alltof oft er verið að standa í framkvæmdum sem skarast á við hagsmuni hestamanna sem ekki er verið að passa upp á.

Vegagerðin á að passa reiðvegagerð meðfram nýjum vegum sem skarast við gamlar þjóðleiðir. En alltof oft hefur orðið misbrestur þar á.

Spurning til Stjórnar LH: Hver sér um eftirlit á framkvæmdum hins opinbera varðandi framkvæmdir sem skarast á við hagsmuni hestamanna? Er hægt að vinna þetta örðuvísi eða þarf bara að bæta í? Mannskapur og þá fjármagn?

Hilmar, Reynir og Jón Þorberg koma þessu á framfæri á næsta Stjórnarfundum LH

Annað ekki rætt á annar góðum fundum. Stefnt á að næsti fundur verði janúar 2026.

